



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

1. árg. 1. tölublað. Febrúar 2005

## EFNI:

Nýtt fréttabréf	bls. 1
Inflúensan í ár	bls. 1
Viðbúnaður við heimsfaraldri inflúensu	bls. 2
RSV-sýkingar	bls. 2

## NÝTT FRÉTTABRÉF HEFUR GÖNGU SÍNA

Nýtt fréttabréf á vegum sóttvarnalæknis, Farsóttafréttir, hefur nú göngu sína hjá Landlæknisembættinu. Ætlunin er að það komi framvegis út einu sinni í mánuði, samtímis á íslensku og ensku. Fjallað verður um það sem efst er á baugi hverju sinni og varðar sóttvarnir.

Ástæðan fyrir ensku útgáfunni er sú að mikið er spurt á erlendum vettvangi um atburði líðandi stundar er varða farsóttir og

smitsjúkdóma á Íslandi. Sóttvarnir eru í eðli sínu alþjóðlegar og er því mikils um vert að verða við þessum tilmælum. Engu að síður munu birtast á fréttavef Landlæknisembættisins, hér eftir sem hingað til, tilkynningar, tilmæli og fyrirmæli eftir því sem tilefni gefst til.

Starfsmenn sóttvarnalæknis taka fullan þátt í efnisöflun fréttabréfsins, en ritstjóri þess verður Jónína Margrét Guðnadóttir.

## Ritstjórn

Haraldur Briem  
sóttvarnalæknir

Ása Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórólfur Guðnason

## Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

## LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## INFLÚENSAN VETURINN 2004 – 2005


Inflúensufaraldurinn í vetur hófst hér á landi um miðjan desember 2004 og sótti hann mjög í sig vedrið í janúar 2005 samkvæmt greiningum sem gerðar voru á veirufræðideild Landspítala - háskólasjúkrahúss (mynd 1).

Inflúensan í ár er nánast eingöngu af A stofni með mótefnavaka H3. Inflúensan virðist herja mest í elstu aldurshópnum en einnig meðal barna (mynd 2).

Athygli sóttvarnalæknis hefur verið vakin á því að inflúensan í ár hafi valdið óvenju miklu álagi á heilbrigðisstofnanir og lagst þungt á vistmenn öldrunarstofnana í janúar á þessu ári.


Fróðlegt er að bera saman inflúensufaraldurinn sem gekk í fyrravetur (2003–2004) við faraldur þessa vetrar. Inflúensan hófst þá óvenju snemma, í október 2003, og lagðist helst á ungt fólk. Sú inflúensa var aðallega af A stofni með mótefnavaka H1. Vegna þess hve inflúensan kom snemma hausti árið 2003 tóku landsmenn vel við sér og létu óvenju margir bólusetja sig þegar í október. Þegar kom fram á síðvetur 2004 kom lítill inflúensuaraldur af A stofni með mótefnavaka H3.

Mynd 1. Inflúensa A greind á veirufræðideild LSH veturinn 2004–2005



Hugsanlegt er að vægur inflúensufaraldur veturinn 2003–2004 (H3) eigi þátt í því að inflúensufaraldurinn af völdum H3 er jafn stór og raun ber vitni.

Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu A eftir aldri og kyni veturinn 2004–2005



(Framhald bls. 2)

*Bólusetningar eru enn sem fyrr besta forvörnin gegn influensu.*

*RSV-faraldurinn í ár virðist valda meiri einkennum hjá heilbrigðum börnum heldur en í fyrra.*

Bólusetningar eru enn sem fyrr besta forvörnin gegn influensu. Bóluefnið sem notað var í vetur veitir vörn gegn þeirri gerð influensu sem gengið hefur, en hafa verður í huga að bólusetning veitir ekki fulla vörn nema í um 70% tilfella hjá eldra

fólki. Ætla má að hún dragi engu að síður úr sjúkdómseinkennum.

Til eru á markaði influensulyf. Ef þau eiga að koma að gagni þarf hefja töku þeirra eins fljótt og auðið er eftir að einkenna influensu verður vart og ekki seinna en tveimur dögum eftir upphaf veikinda.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN WHO ÁLYKTAR UM VIÐBÚNAÐ VIÐ HEIMSFARALDRI INFLUENSU

Að áeggjan Bandaríkjanna var samþykkt ályktun\* á fundi framkvæmdastjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í Genf þann 24. janúar sl. þar sem öll aðildarríkin voru hvött til þess að koma á og virkja viðbúnað vegna heimsfaraldurs influensu sem miðar að því að draga úr heilsutjóni og efnahagslegum og félagslegum afleiðingum slíks faraldurs sem talinn er geta verið yfirvofandi.

Í ályktuninni var einnig hvatt til þess að efla tengsl heilbrigðisyfirvalda við önnur yfirvöld í samfélaginu, s.s. landbúnaðar-yfirvöld, svo að unnt sé að bregðast við með samræmdum hætti vegna fugla-influensu. Einnig var lagt til að aðildarríkin


ihuguðu að framleiða bóluefni gegn influensu sjálf eða í samvinnu við nágrannaríki og kæmu sér upp varabirgðum influensulyfja.

Á Íslandi er unnið að endurskoðun á drögum um viðbúnaðaráætlun við heimsfaraldri influensu. Unnið er að því að meta þá kosti sem fyrir hendi eru til að bregðast við, brjótist faraldur út og ekkert bóluefni verði tiltækt í upphafi. Viðbúnaðaráætlunin er unnin í samvinnu við WHO, Evrópusambandið og Norðurlöndin.

\*[http://www.who.int/gb/ebwha/pdf\\_files/EB115/B115\\_R16-en.pdf](http://www.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB115/B115_R16-en.pdf)

## RSV VETURINN 2004-2005

Mynd 3. RSV-sýkingar greindar á veirufræðideild LSH veturinn 2004—2005



Hinn árlegi RSV-faraldur hófst um og upp úr miðjum desember (mynd 3). Tilfellum fjölgaði hins vegar ekki að ráði fyrr en um mánaðarmótin janúar–febrúar þegar influensufaraldurinn virtist vera í rénun. Búast má við að a.m.k 50% barna á

aldrinum 0–12 mánaða fái RSV-sýkingu í hverjum faraldri, en þessi hópur barna fær að jafnaði mestu og alvarlegustu einkenni sýkingarinnar.

Eldri börn, unglingar og fullorðnir fá RSV sýkingu en þá oftast í formi vægs kvefs. Sýkingin getur orðið alvarleg börnum með undirliggjandi hjartagalla, lungnasjúkdóma og ónæmisbældum einstaklingum.

Faraldurinn í ár virðist valda meiri einkennum hjá heilbrigðum börnum heldur en í fyrra og hafa mörg börn með RSV-sýkingu verið lögð inn á Barnaspítala Hringins undanfarið.